

að brydda á sýkinni aptur í sveitum þeim, sem hún hefur gengið í, eða annarstaðar á landinu. Erindsrekarnir hafa því ráðið stjórninni til, að sjá svo fyrir, að hún gæti haft fè það til taks, er þurfa kynni til þessa augnamíðs, næsta fjárhagsár. Þeir hafa og, eptir því sem næst varð komizt, gjört þá áætlun, að af þeim 30,000 ríkisdöllum, sem á yfirstandanda fjárhagsári voru veittir vegna fjárkláðans, muni ganga hèrumbil 20,000 til að koma fram ráðstöfunum þeim, sem þeir hafa gjört í máli þessu. Erindsrekarnir hafa því næst álitit það nauðsynlegt, að á næsta fjárhagsári væru til taks allt að 10,000 döllum, hvað sem uppá kynni að koma.

Þó að stjórnin nú hafi von um, að ekki þurfi að halda lækningunum áfram lengur en fjárhagsár það, er nú er að líða, eða þá að minnsta kosti, að ekki muni ganga eins mikið fè til þeirra, eins og erindsrekarnir hafa stungið uppá, hlýtur það þó að virðast nauðsynlegt, einkum ef svo skyldi fara, að kláðinn kæmi upp einhverstaðar aptur, að stjórnin geti fengið ráð yfir allt að 10,000 ríkisdöllum til þessa augnamíðs.

Loksins má þess geta, að eins og nú stendur lítur út fyrir, að meira muni verða eptir þetta fjárhagsár af þeim 30,000 döllum, er veittir voru í fjárhagslögum 30. desember 1858, 14. gr. 22. tölulið, en erindsrekarnir hafa gjört ráð fyrir.

## 2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á 27. janúar. Íslandi, um bætur til sveitarsjóða í Rangárvalla sýslu.

Á hinu síðasta alþingi bar þingmaður Rangvellinga fram bænarskrá þess efnis, að nokkrum sveitarsjóðum í Rangárvalla-sýslu yrði veitt fullt endurgjald úr almennum sjóði fyrir það af fè þeirra, er varið hafði verið til þess að borga með hin *tessiersku* böðunarméðöl, er við höfð voru við saudfænað í sýslu þessari. Um málefni þetta ákvað alþingi 21. júlím. f. á., að forseta þingsins skyldi falið á hendur að bera það undir stjórnina. Eptir þessu hefur því forsetinn, examinatus juris Jón Guðmundsson, í bréfi 19. sept. f. á., er hann beina leið sendi dómsmálastjórn-

1860.  
27. janúar. inni og ritað var á íslenzku, farið þess á leit, að dómsmála-  
stjórnin skyldi gjöra hinar nauðsynlegu ráðstafanir til þess, að  
sveitarsjóðir þeir, sem hér ræðir um, fengju í þessu skyni endur-  
goldna 1203 rd. 51 sk.

Um þetta efni biður dómsmálastjórnin yður, herra stipt-  
amtmaður, að tilkynna nefndum Jóni Guðmundssyni, að ekkert  
tillit verði tekið til bréfs þess, er áður er getið og hann sendi  
stjórninni, þaræð það ekki kom henni til handa á þann hátt,  
sem fyrir er mælt í tilskipun 8. marzm. 1843, 44 gr.

28. janúar. **3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á  
Íslandi, um borgun fyrir þingstörf til málafærslu-  
manns Jóns Guðmundssonar.**

Stjórnin hefur nú fengið skýrslu þá frá málafærslumanni  
Jóni Guðmundssyni, sem þér, herra stiptamtmaður, minntust á  
í bréfi yðar 3. nóvember í fyrra, um þá 48 og 39 dali, sem  
rætt var um í bréfi stjórnarinnar 19. ágúst í fyrra, og hann  
hafði látið borga sér úr jarðabókarsjóðnum fyrir ýms störf, sem  
hann, sem varaforseti á alþingi því, sem var haldið 1857, varð  
að gjöra eptir þinglok.

Yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir hlutaðeiganda  
látum vèr yður vita, að í þetta skipti getur staðið við það,  
sem búið er að gjöra, en annars álitur stjórnin, að engin heimild  
sé fyrir slíkum útgjöldum í alþingistilskipuninni.

Um leið gætuð þér minnt Jón Guðmundsson á, að eptir  
reglum þeim, sem nú gilda, hefði hann átt að semja skýrslu sína  
á dönsku, eða að minnsta kosti láta henni fylgja danska út-  
leggingu, en ekki senda hana einungis á íslenzku, eins og hann  
hefur gjört.